

Alþingi
Erindi nr. P 132/2033
komudagur 3.5.2006

Félagsmálanefnd Alþingis
b/t nefndasvid@althingi.is

Akranesi 3. maí 2006

Umsögn vegna:

Frv. til laga um Atvinnuleysistryggingar, 742. mál

10. gr

Í tilkynning um að atvinnuleit sé hætt teljum við óþarft að tilgreina ástæðu þess að viðkomandi afskrái sig.

Það að skráningu sé hætt teljum við miður. Mæting í skráningu hefur verið ákveðinn snertiflötur til að ná í og koma skilaboðum til atvinnuleitenda. Nær hefði verið að okkar mati að taka upp rafræna skráningu þar sem viðkomandi gæti skráð sig í gegnum tölvu t.d. á 2ja vikna fresti. Þannig væri hægt að koma skilaboðum um úrræði og atvinnutilboð til viðkomandi (gæti ekki stimplað sig nema að móttaka póstinn fyrst).

Í stað stimplunar er talað um að komi til regluleg samskipti við ráðgjafa. Hvað er átt við með „reglulegum”. Búast má við að þetta kalli á talsverða fjölgun ráðgjafa á Svæðisvinnumiðlununum, aukin ferðalög ráðgjafa út á svæðin og aukins kostnaðar við ferðir.

14. gr

h. ...vinnufærni að mati sérfræðilæknis. Gilda ekki vottorð heimilislæknis? Mjög mikilvægt væri ef útbúin væru stöðluð vinnufærnivottorð líkt og TR hefur sérstök sjúkradagpeningavottorð.

15. gr

Skal vera fullra 16 ára er þetta raunhæft? Nær væri að miða við árið sem viðkomandi verður 16 ára.

„...fyrir en við 16 ára afmælisdag umsækjanda enda eru börn á þeim aldri enn á skólaskyldualdri., Er það?

Skólaskyldualdri lýkur við lok annar það ár sem viðkomandi verður 16 ára þ.e. skólaskyldu lýkur þó viðkomandi eigi ekki afmælisdag fyrir síðasta skóladag.

Dæmi:

Jón á afmæli í maí, Anna í september og Óli í desember, öll luku skólaskyldu á sama tíma í byrjun júní. Þau fengu 100% vinnu hjá sama fyrirtæki yfir sumarið frá byrjun júní til 1. september sem gerir 3 mánuði í fullu starfi.

Um haustið ákveða þau að bíða í 1 ár með að halda áfram námi og vinna en því miður er enga vinnu að hafa og fara þau þess vegna á atvinnuleysisskrá í atvinnuleit. Jón fær bætur en ekki Anna og Óli. Af hverju? Jú því miður, þótt þau væru fædd sama ár, hefðu klárað skólaskylduna saman, unnið saman allt sumarið og höfðu stundað vinnu sína vel þá voru Anna og Óli ekki búin að eiga afmæli.

Þetta kemur til með að skapa mikið misrétti og framtíða óánægju og jafnvel stuðla að því að unglingar skrá sig ekki, heldur vonast til að geta reddað sér vinnu sjálfir sem gengur ekki alltaf vel og eru þá fleiri að þræða göturnar í stað þess að vera komnir í atvinnu eða eitthvert annað úrræði.

Í 15 grein Ávinningstímabil (launafólk) er útfært hvernig meta beri starfshlutfall í fæðingarorlofi en í 19. grein Ávinningstímabil (sjálfstætt starfandi) þar er ekkert sagt um hvernig meta beri starfshlutfall í fæðingarorlofi.

20. gr „Þegar metið er hvort starsemi hafi verið stöðvuð skal líta til hreyfinga í virðisaukaskattskrá ríkisskattstjóra”

Væri ekki eðlilegt að viðkomandi legði fram yfirlit yfir hreyfingalista líkt og þar sem eru í hlutastarfi skila inn launaseðlum.

22. gr

vantar samanber 17. gr. þ.e. ákvæði þetta á ekki við þegar launamaður ákveður sjálfur að drag úr starfshlutfalli sínu.

28. gr.

Virkti atvinnuleit hætt tímabundið. „...frá þeim degi er hann sótti um atvinnuleysisbætur” hlýtur að eiga að vera frá þeim degi sem viðkomandi afskráði sig??

30. gr

Hvenær öðlast þeir rétt sem segja starfi upp t.d. eftir 6 mánuði? Geta þeir ekki öðlast rétt að nýju og byrjað á 40 daga biðtíma??

32. gr.

Hvað þýðir „tryggingahlutfall”?

Sætir biðtíma samkvæmt ákvæðum X. Kafla, ætti ekki líka að vera vísun í kafla XI?

33. og 36. gr.

Hvað þýðir „óskertur réttur hans til atvinnuleysisbóta”?

Af hverju er verið að tala um tryggingarhlutfall í 33. gr. og óskertur réttur til atvinnuleysisbóta í 36. gr. Af hverju er ekki tala um saman hugtakið. Er einhver mismunur á þessum hugtökum?

50.gr

2. mgr. 50. gr. er hún ómarktæk vegna þess að menn tilgreina ekki óskastarf þar sem verkfall eða verkban er yfirvofandi

höfnun starfs innan 40 daga. Þarf það ekki að vera innan sömu starfsgreinar? Þetta atriði tengist líka 2. mgr. 50. gr.

Verkalýðsfélag sem fer í verkfall. Er það jafnræði þegar þeir sem þegar eru á skrá og greiða í viðkomandi vlf. fá að halda bótunum en þeir sem koma inn við verkfall eða þegar verkfall er skolið á fá ekki bætur fyrstu 4 vikurnar

52. gr

Fjarnám ýmiskonar þar sem ekki er krafa um viðveru eða mætingarskyldu ætti að vera heimil án þess að skerða bætur. Flokka má slíkt nám sem hverja aðra tómsund nema það eykur möguleika fólks við atvinnuleitina.

Varðandi dagskóla eða ef krafa er um mætingarskyldu þá kemur ekki fram í frumvarpinu að bótaréttu fólks skerðist.

Dæmi: Atvinnuleitandi á 100% bótarétt, er í 40% námi (fyrir hádegi alla daga, þar sem mætingarskylda er). Á viðkomandi þá rétt á 60% bótum eða skerðir námið ekki réttinn til bóta??

54. og 55 gr.

Uppsögn úr fyrri starfi 54 grein og námi hætt 55 grein: Hér er farið að tala um missi bóta í ákveðin fjölda virkra daga frá ákveðni dagsetningu það getur komið upp ágreiningur um hvernig beri að túlka þetta.

Dæmi: Ef einstaklingur sækir um bætur 1.9.2006 og hefur sagt upp fyrri vinnu rennur biðtími viðkomandi út 26.10.2006 óháð því hvort hann hafi verið á skrá hjá okkur allan þann tíma eða ekki? **Er ekki átt við bótadaga??**

55. gr

Ætti að vera 40 dagar eða þar til önn lýkur. Ef viðkomandi segir sig úr skóla um miðjan maí á hann ekki rétt fyrr en um miðjan júlí. Gæti virkað letjandi fyrir þá sem erfitt eiga með nám að þora að reyna sig þ.e. að fara aftur í skóla

57. gr.

Mjög mikill galli ef atvinnuleitendur geta hafnað vinnu fyrstu 4 vikurnar á skrá. Stundum vantar starfsfólk í afleysingar í sambærileg störf og viðkomandi var í og þetta getur orðið til þess að ekki verður hægt að manna þessi störf!! Dæmi: Algengt er að leikskólar loki í 4 vikur. Þeir starfsmenn sem ekki hafa áunnið sér full orlofsréttindi sækja um atvinnuleysisbætur á meðan lokunin varir. Algengt er að leikskólar í sama sveitarfélagi loki ekki á sama tíma og stundum vantar starfsfólk á aðra leikskóla í nokkrar vikur yfir. M.v. þetta frumvarp gætu þessir einstaklingar hafnað að vinna á öðrum leikskóla fyrstu 4 vikurnar sem er kannski bara sá tími sem viðkomandi er í atvinnuleit!!!

Í lögum 47/1998 13 gr. 2. mgr er GOTT ákvæði að okkar mati sem ætti að halda inni. „Bótaréttur fellur ekki niður þótt sá sem notið hefur bóta í skemmri tíma en fjórar vikur hafni vinnu í starfsgrein sem hann hefur ekki áður stundað, enda séu góðar líkur á að hann muni fá vinnu í sinni starfsgrein”.

57, 58, 59 og 60 gr.

Höfnun úrræðis: Hér er farið að tala um missi bóta í ákveðin fjölda virkra daga frá ákveðni dagsetningu það getur komið upp ágreiningur um hvernig beri að túlka þetta.

Dæmi: Ef einstaklingur hafnar úrræði 1.9.2006 rennur biðtími viðkomandi út 26.10.2006 óháð því hvort hann hafi verið á skrá hjá okkur allan þann tíma eða ekki?

60. gr.

Þyrfti að vera skýrari ramma til að tryggja samræmi á milli Svæðisvinnumiðlana.